

Borgarbyggð
Borgarbraut 14
300 Borgarnes

12. júlí 2017
UST201706-055/P.B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag - Dalsmynni, Fagrabrekka 1-3

Vísað er til bréfs Umhverfis-, skipulags- og landbúnaðarnefndar er barst 20. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um nýtt deiliskipulag fyrir Dalsmynni, Fögrubrekku 1-3.

Skipulagssvæðið

Samkvæmt greinargerð er Dalsmynni lögbýli og samkvæmt því heimilt að reisa allt að fjögur frístundahús. Í greinargerðinni kemur fram að reisa skuli þrjú frístundahús á landi sem hentar ekki til ræktunar. Byggingarreitir eru við eða á holtum/klöppum eða flákum á milli þeirra. Skipulagssvæðið er 2,3 ha að stærð. Í greinargerð kemur fram að útlit frístundahúsanna á að vera í jarðlitum og hlaðið úr torfi og/eða náttúrugrjóti, þ.e. þau eiga að falla vel að landslagi. Umhverfisstofnun fagnar því að frístundahúsin muni vera byggð á þennan hátt þar sem þau liggja í nágrenni við þjóðveginn.


Fráveit

Öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999.

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda deiliskipulagstillögu og gerir ekki frekari athugasemdir við tillöguna.

Virðingarfyllst


Þórdís Björt Sigþórsdóttir
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur